

# Hversu sjálfbær ertu?

Sýning um sjálfbæra þróun í  
**Gamla bókasafninu**  
fyrir elstu nemendur grunnskóla  
22. september til 7. október.

Allir grunnskólar í Hafnarfirði hafa fengið að gjöf kvikmynd, **Þögla byltingin**, sem tengist viðfangs-efni sýningar og er æskilegt að nemendur hafi séð myndina áður en þeir koma á sýninguna.

Tekið er á móti skólahópum frá kl. 9 - 12 alla virka daga. Skólar þanta aðgang að sýningunni í síma 857 5732 (Eygló). Allir skólahópar fá leiðsögn um sýninguna af reyndum kennurum sé þess óskað.

Tilgangur sýningarinnar er að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi sjálfbærrar þróunar og umhverfisverndar. Markmiðið er að kenna fólki, sérstaklega ungu fólki, hvað það getur lagt

að mörkum til þess að skapa betri og umhverfisvænni heim. Markmiðið er einnig að vekja athygli á því að fólk um allan heim hefur gríðarlega möguleika og tækifæri sem einstaklingar til hafa áhrif á þróunina og framtíðina, til að vinna að betri heimi, sama hvar það býr á jörðinni.

Sýningin er samstarfsverkefni sáttmála Jarðar (Earth charter), Mennta- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og alþjóðafélags Soka Gakkai. Íslandsdeild Soka Gakkai hefur haft veg og vanda af þýðingu sýningarinnar og uppsetningu hér á landi. Samstarfsaðilar eru Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar, Staðardagskrá 21 í Hafnarfirði og Gamla bókasafnið, menningarhús unga fólksins í Hafnarfirði. Verkefnið hefur hlotið styrk frá minningarsjóði Margrétar og Hafnarfjarðarbæ.

